

Mál nr. 342/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 6. október 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu lenti M í umferðarslysi hinn 5. júlí 2024 á Ásavegi í Mosfellsbæ en umræddur vegar er malarvegur. Er lögregla kom á vettvang var bifreiðin A kyrrstæð úti í vegkant og var ekki ökufær. Spólför voru í malarveginum töluverða vegalengd sem stoppuðu þar sem umferðarslysið átti sér stað. Mat lögreglu á vettvangi hafi verið að M hefði viljandi verið að spóla í mölinni og að það hafi líklega valdið slysinu. Framburður M í lögregluskýrslu var á þann veg að hann hafi verið að aka bifreiðinni á Ásavegi til suðurs og hafi hann hemlað vegna blindhæðar á veginum og við það misst stjórn á bifreiðinni. Neitar M að hafa verið að „drifta“.

M sótti bætur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V. Með bréfi, dags. 19. júní 2025, tilkynnti V að bótaréttur M væri skertur um helming vegna ofsaaksturs.

M mótmælir þeirri afstöðu V. Hann vísar til þess að ákvörðun V sé reist á vangaveltum lögreglumanna sem komu á vettvang, sem töldu líklegt að M hafi verið að spóla viljandi í mölinni og að það hafi valdið slysinu. Engin eiginleg rannsókn virðist hafa farið fram sem sanni framangreindar vangaveltur með einhverju móti.

V leggur áherslu á það sem fram kemur í lögregluskýrslu málsins og hafnar því að þar sé um vangaveltur lögreglu að ræða sem líta eigi fram hjá við mat á háttsemi M. Af vettvangsmyndum sé ljóst að hjólför þau sem enda á þeim stað sem bifreiðin hafnaði út af séu að hluta til vinstra megin á veginum en sveigi svo skarpt til hægri. Akstursskilyrði umrætt sinn hafi verið góð. Af vettvangsmyndum megi ætla að blindhæð sú sem M vísaði til í framburði sínum, hafi verið nokkuð langt frá þeim stað sem för eftir bifreiðina byrja. Vísar V til 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 36. gr., og e-liðar 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, megi V lækka ábyrgð sína vegna stórkostlegs gáleysis M. Vísar V til fordæma úrskurðarnefndar í málum nr. 112/2017 og 248/2018 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að ekki hafi verið ágreiningur um að M hafi misst stjórn á bifreið sinni umrætt sinn. Ekkert liggi fyrir um að M hafi með aksturslagi sínu brotið gegn aðgæsluskyldum þeirra ákvæða umferðarlaga sem V vísar til. Líkt og fram hafi komið, missti hann stjórn á bifreiðinni er hann hemlaði.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda um helming, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga (vsl.). Samkvæmt ákvæðinu má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysátryggingu valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við sakarmatið skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig.

Fyrir liggur að M var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna. Samkvæmt framburði hans missti hann stjórn á bifreiðinni er hann hemlaði vegna blindhæðar. Hann neitar því alfarið að hafa verið að „drifta“ eða spóla viljandi í mölinni. Af lögregluskýrslu verður ráðið að lögreglumenn töldu líklegt, byggt á spólförum á malarvegi, að M hefði verið að spóla af ásetningi og að það hefði orsakað slysið. Af vettvangsmyndum verður ekki dregin ótvíræð ályktun um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Þótt spólför hafi sést á veginum og lögregla hafi talið líklegt að spól hafi átt sér stað, liggur ekki fyrir að þau ummerki séu þess eðlis að þau útiloki þann möguleika að M hafi einfaldlega misst stjórn á bifreiðinni við hamlun. Þá er ljóst að lögregla taldi ekki ástæðu til að hefja frekari rannsókn til að staðfesta þá niðurstöðu eða hrekja framburð M. Þá verður ekki séð að V hafi lagt fram önnur gögn sem sýna fram á M hafi umrætt sinn ekið of hratt eða ekki í samræmi við aðstæður á þann hátt að hann teljist hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi. Með vísan til alls framangreinds telur nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. vsl. umrætt sinn. Því eru ekki forsendur til að skerða bótarétt hans úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum vegna líkamstjóns úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 18. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir